

## **Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis**

Fundur haldinn 8. september 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir.

### **Erindi frá Akureyrarbæ**

Eftirfarandi tölvupóstur barst frá Dagnýju Magneu Harðardóttur hjá Akureyrarbæ þann 4. september 2008:

*“Að beiðni formanns framkvæmdaráðs óska ég eftir að hver og ein hverfisnefnd taki saman yfirlit um hvaða verklegar framkvæmdir þið teljið nauðsynlegar í ykkar hverfi á næsta ári. Þessar upplýsingar verð hafðar til hliðsjónar við vinnslu fjárhagsáætlunar nú í september og þurfa þær upplýsingar að vera komnar til mín í síðasta lagi 15. september nk. Ekki er víst að hægt verði að verða við öllum óskum sem berast en gott að hafa þessar upplýsingar frá ykkur við vinnslu fjárhagsáætlunar.“*

Á fundinum var rætt um hvaða verk væru nauðsynleg. Fundarmenn voru sammála að leggja ætti áherslu á að fá fleiri hraðahindranir og gangbrautir í hverfið, klára að gera upp leiksvæði í hverfinu, byggja undirgöngin undir Hörgárbraut, leggja fleiri göngustíga og malbika malarstíga. Ákveðið var að senda bréf til bæjarins með lista yfir þessa þætti.

### **Hverfishátíð í samstarfi við foreldrafélag Glerárskóla**

Rætt um hvernig til hefði tekist með hverfishátíðina sem haldin var laugardaginn 6. september. Fundarmenn voru sammála um að vel hefði tekist til, enda var veðrið með eindæmum gott. Mikill meirihluti þeirra sem mættu voru nemendur og foreldrar barna í Glerárskóla. Það hefðu mátt mæta fleiri fullorðnir íbúar hverfisins sem ekki eiga börn í Glerárskóla.

Ritað 10. september 2008

HA